

# ÞINGGERÐ 43. GLÍMUPINGS

Ár 2007, laugardaginn 17. mars kl. 17:15 var 43. glímuping sett í fundasal Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands á 3. hæð í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, af formanni Glímusambands Íslands, Jóni Birgi Valssyni.

Formaður stýrði kjöri Einars K. Jónssonar sem þingforseta og varapingforseta Sigmundar Stefánsson.

Þingritari var kjörinn Hörður Gunnarsson.

Þingforseti tók við stjórn þingsins þessu næst.

## ÞETTA GERÐIST:

- (01) **ÞINGSETNING**, sjá ofar.
- (02) **KJÖRBRÉFANEFND**: Samþykkt tilnefning Kjartans Lárussonar sem formanns, Óttars Ottóssonar og Stefáns Geirssonar. Nefndin tók þegar til starfa.
- (03) **KJÖR FASTRA STARFSMANNA**: sjá ofar
- (04) **KJÖRNAR FASTAR NEFNDIR**:
  - a) Fjárhagsnefnd: Hermann Níelsson, formaður, Sigmundur Stefánsson og Jóhann Pálmason.
  - b) Laganefnd: Kjartan Lárusson, formaður, Þóroddur Helgason og Óttar Ottóson.
  - c) Allsherjarnefnd: Orri Björnsson, formaður, Ólafur Oddur Sigurðsson og Gunnar Þór Brynjarson.
- (05) **SKÝRSLA FORMANNS**.  
Jón Birgir Valsson, formaður Glímusambands Íslands, flutti greinargott ávarp, sem birt er í upphafi prentaðrar ársskýrslu. Þar á eftir fór hann yfir efni ársskýrslu og Árbókar 2006.

**(06) GJALDKERI LAGÐI FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA.**

(06).1 Gjaldkeri, Sigmundur Stefánsson, las og skýrði helstu tölur úr Rekstrarreikningi 1.1. – 31.12.2006. Niðurstöðutölur gjalda eru kr. 8.850.407 þar af hagnaður upp á kr. 968.532. Efnahagsreikningur pr. 31.12.2006 hefur niðurstöðutölur kr. 1.284.352 en höfuðstóll 31.12.2006 var neikvæður upp á kr. (216.470).

**(07) ÁVARP GESTA.**

**(07) 1. Ávarp frá ÍSÍ.**

Stefán Snær Konráðsson, framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, flutti kveðjur frá forseta ÍSÍ, Ólafi Rafnssyni, og stjórn sambandsins.

Stefán ræddi um aðkomu ÍSÍ að glímumálum og fjárstuðning við glímuna. Hann hét áframhaldandi stuðningi forystu íþróttahreyfingarinnar við þjóðaríþróttina.

**(02).1. SKÝRSLA KJÖRBRÉFANEFNDAR:**

Kjartan Lárusson formaður nefndarinnar sagði sex (6) kjörbréf hafa borist með 34 nöfnum þingfulltrúa frá eftirfarandi íþrótt- og héraðssamböndum og leggur nefndin til að kjörbréfin verði samþykkt:

**(02).1.1. Frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (GRR/ÍBR)** sem hefur rétt til 6 fulltrúa og tilkynnir eftirfarandi:

Aðalfulltrúar: Orri Björnsson, Ólafur Haukur Ólafsson (ekki mættur), Óttar Ottósson, Jóhannes Héðinsson, Hörður Gunnarsson, Valgeir Halldórsson.

Varafultrúar: Eva Ólafsdóttir, Jón Birgir Valsson, Helgi Bjarnason, Ásgeir Víglundsson, Einar Kr. Jónsson

**(02).1.2. Frá Ungmennasambandi Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga**, sem hefur rétt til 4 fulltrúa og tilkynnir:

Aðalfulltrúar: Svana Hrönn Jóhannsdóttir (fer með 2 atkvæði), Jóhann Pálmason (fer með 2 atkv.).

**(02).1.3. Frá Héraðssambandi Suður-Þingeyinga**, sem hefur rétt til 4 fulltrúa og tilkynnir:

Aðalfulltrúi: Gunnar Þór Brynjarson (fer með 3 atkv.) . (Fleiri ekki á kjörbréfi.)

**(02).1.4. Frá Ksf. Hörður, glímudeild** (Ísafirði) sem hefur rétt á 4 fulltrúum og tilkynnir:

Aðalfulltrúi: Hermann Níelsson (fer með 3 atkv.).

**(02).1.5. Frá Glímuráði HSK**, sem hefur rétt til 13 fulltrúa og tilkynnir eftirfarandi:

Aðalfulltrúar: Kristinn Guðnason, Stefán Geirsson (ekki mættur), Helgi Kjartansson, Kjartan Lárusson, Ólafur Oddur Sigurðsson,

Jón M. Ívarsson, Lárus Kjartansson og Sigmundur Stefánsson.  
(Þingfulltrúar fara með 2 atkvæði ofan frá talið.)

(02).1.6. **Frá ÚÍA, glímuráði.** Sem hefur rétt á 7 fulltrúum og tilkynnir eftirfarandi:

Aðalfulltúar: Ásmundur Ásmundsson (3 atkv.), Þóroddur Helgason (3 atkv.) og Snær Seljan Þóroddson .

(02).2. **Kjörbréf samþykkt samhljóða.**

**(08) UMRÆÐUR UM SKÝRSLU OG REIKNINGA:**

(08) 1. Jón Magnús Ívarsson þakkaði starf stjórnar sem að mörgu leyti var gott. Jón gat um, að þegar hann las skýrsluna á vefsíðu GLÍ þótti honum ávarp formanns aðfinnsluvert. Kom hann því á framfæri og hefði formaður tekið slíkt til greina.

**(09) REIKNINGAR BORNIR UPP TIL SAMÞYKKTAR.**

(09).1 Reikningar samþykktir samhljóða.

**(10) FJÁRHAGSÁÆTLUN NÆSTA ÁRS** lögð fram af stjórn.

(10).1. Gjaldkeri, Sigmundur Stefánsson, las **þingskjal nr. 1** og skýrði innihald hennar. Er viðfest aftan við þinggerð ásamt öðrum þingskjölum og teljast þau öll hluti hennar.

(10).2 Þingskali nr. 1 vísað til fjárhagsnefndar.

**(11) LAGÐAR FRAM TILLÖGUR TIL LAGABREYTINGA.**

(11).1 Þingforseti las **þingskal nr. 3.**

(11).1.1 Vísað til nefndar

(11).2 Þingforseti las **þingskjal nr. 4.**

(11).2.1 Vísað til nefndar.

(11).3. **Þingskjal nr. 5** lesið .

(11).3.1. Vísað til nefndar.

(11).4. Samþykkt að sameina laganefnd og allsherjarnefnd.

**(12) UMRÆÐUR OG AÐRAR TILLÖGUR OG MÁL ÞINGFULLTRÚA.**

(12).1. Engar umræður urðu undir þessum dagskrárlið.

**ÞINGHLÉ** var tekið kl. 18:00 og þingfundur boðaður að nýju kl. 18:20.

# ÞINGHLÉ

**Þingfundi var framhaldið kl. 18:20 og gengið til dagskrár.**

## **(13) NEFNDAÁLIT, TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA UM ÞÆR.**

### **(13).1. Álit sameinaðar laganefndar og allsherjarnefndar:**

(13).1. Kjartan Lárusson framsögumaður nefndarinnar gerði grein fyrir eftirfarandi álit nefndarinnar:

(13).1.1. Leggur til að **þingskjali nr. 3** verði samþykkt en lagadrögum verði vísalð til stjórnar GLÍ og laganefndar.

#### **(13).1.1.1. Umræður:**

(13).1.1.1.1 Jón M. Ívarsson benti á, að hann væri ekki sammála því sem fram kemur í lagadrögum í 1. grein enda stangast það á við söguskoðun Þorsteins Einarssonar. Jón taldi eðlilegt að málið yrði skoðað af stjórn og laganefnd.

(13).1.1.1.2. Jón Birgir Valsson gerði grein fyrir viðhorfum á bak við lagadrögin.

(13).1.1.1.3. Hörður Gunnarsson lagði áherslu á að forræði glímunnar innanlands og á alþjóðavettvangi yrði ávallt í höndum Íslendinga og þar með Glímusambands Íslands og málum hennar stjórnað af GLÍ og öll lagasetning í höndum Íslendinga. Þá væri mikilvægt að öll heiti og hugtök og skipanir innan glímubröttarinnar væru ávallt á íslensku enda notuðu önnur alþjóðleg fangbrögð tungumál upprunalsins. Lagadrögin þyrfti að endurskoða og umorða og endurskrifa áður en þau yrðu sett í notkun.

(13).1.1.1.4. Lárus Kjartansson nefndi hugmyndir sem liggja á bak við lagadrögin og taldi, að heimssamband myndi efla glímuna erlendis. Einng gæti það orðið til fjáröflunar á erlendum vettvangi.

(13).1.1.1.5. Kjartan Lárusson taldi að ef rétt væri staðið að málum þá gæti heimssamband orðið til eflingar glímunnar en halda yrði fullu forræði yfir íþróttinni m.a. með lagasetningu og notkun íslensku.

(13).1.1.1.6. Óttar Ottósson ræddi hugsanleg tækifæri til útbreiðslu glímunnar á vegum heimssambandsins. Hann tók undir að nokkru mál fyrri ræðumanna.

(13).1.1.1.6. Jón M. Ívarsson tók undir orð um að nota ætti íslensk heiti í glímu.

(13).1.1.1.7. Hermann Níelsson hvatti til útrásar og að hugsa stórt enda sjálfsagt að leita til “útrásarvíkinga í fjármálum og viðskiptum” um stuðning.

- (13).1.1.2. **Þingskjal nr. 3 samþykkt** með umsögn nefndarinnar að lagadrögum væri vísað til stjórnar.
- (13).1.2. **Þingskjal nr. 4.**
- (13).1.2.1. Kjartan Lárusson framsögumaður las álit nefndarinnar, sem breytti texta þess og hljóðar það svo:  
“43. árþing GLÍ haldið í Reykjavík 17. mars 2007 beinir því til stjórnar GLÍ að mótafyrirkomulag sambandsins verði endurskoðað í heild sinni.”
- (13).1.2.2. Engin umræða varð um þingskjalið svo breytt.
- (13).1.2.2.1. **Þingskjal nr. 4 samþykkt** svo breytt.
- (13).1.3. **Þingskjal nr. 5.**
- (13).1.3.1. Kjartan Lárusson framsögumaður sagði ágreining hafa verið í nefndinni málið og meirhlutinn vildi samþykkja tillöguna.
- (13).1.3.2. **Umræður.**
- (13).1.3.2.1. Hermann Níelsson taldi eðlilegt að hafa þann möguleika að skipta inná mönnum eftir þörfum, hvort sem viðkomandi hefði verið inná áður eða ekki.
- (13).1.3.2.2. Kjartan Lárusson taldi ólíklegt að slík breyting yrði til bóta enda gætu liðstjórar ráðið málum núna.
- (13).1.3.2.3. Lárus Kjartansson sagði Hermann Níelsson hafa mælt fyrir umbótatillögu.
- (13).1.3.2.4. Ólafur Oddur Sigurðsson studdi mál Hermanns Níelssonar.
- (13).1.3.2.5. Óttar Ottósson gjörði sama og Ólafur Oddur.
- (13).1.3.2.6. Jón M. Ívarsson tók undir mál Kjartans Lárussonar og var á móti breytingu á ákvæðinu.
- (13).1.3.2.7. Kristinn Guðnason mælti í móti breytingu án frekari umfjöllunar.
- (13).1.3.1.2. **Þingskjal nr. 5 vísað til stjórnar** án fyrirmæla um meðferð..

#### **(14) Gjald ævifélaga.**

- (14).1 **Samþykkt þingskjal nr. 2** um að gjald ævifélaga verði kr. 10 þús.

#### **(15) KOSNINGAR.**

- (15).1. **Formaður:** Tillaga fráfarandi stjórnar um Jón Birgi Valsson. Samþ. samhljóða.
- (15).2. **Meðstjórnendur:** Tillaga fráfarandi stjórnar um Sigmund Stefánsson, Valgeir Halldórsson, Ólaf Odd Sigurðsson og Jóhannes Pétur Héðinsson. Samþykkt samhljóða.
- (15).3. **Varastjórn:** Tillaga fráfarandi stjórnar um Sabínu Steinunni Halldórsdóttur, Svönu Hrönn Jóhannsdóttur og Snæ Seljan Þóroddsson.

Samþykkt samhljóða.

(15).4. **Endurskoðendur** voru endurkjörnir Hörður Gunnarsson og Kjartan Lárusson samhljóða.

(15).4.1. **Varaendurskoðendur** endurkjörnir Sigurjón Leifsson og Árni Þór Bjarnason samhljóða.

(15).5. **Fulltrúi á íþróttaping:**

(15).5. Lagt til að málinu yrði vísað til stjórnar.

(15).5.2 Samþykkt samhljóða.

(16) **AGANEFND:** (Kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara)

(16).1. Aðalmenn: Páll Aðalsteinsson, Þorvaldur Þorsteinsson og Elías Árnason samhljóða kosnir.

(16).2. Varamenn: Árni Þór Bjarnason, Kjartan Lárusson og Helgi Bjarnason kjörnir samhljóða.

(17) **ÖNNUR MÁL.**

(17).1. Ásmundur Ásmundsson lagði fram tillögu munnlega um að keppendur úr 9. og 10. bekk glími ekki á dýnum heldur á gólfi.

(17).2. Hörður Gunnarsson, formaður Glímudómarafélags Íslands, gerði athugasemd við það að ársskýrsla GDÍ 2005 hefði verið endurprentuð í núverandi ársskýrslu GLÍ vegna 2006 en ekki skýrsla GDÍ vegna 2006!

(17).3. Lárus Kjartansson, framkvæmdastjóri GLÍ, fjallaði um starfsemi sambandsins og hugmyndir sínar um útbreiðslu glímunnar.

(17).4. Kjartan Lárusson óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar og flutti herhvöt til eflingar glímuíþróttarinnar.

(17).5 **Fundargerð.**

(17).5. Hörður Gunnarsson sagðist tilbúinn með þinggerð að venju en myndi nú endurflytja tillögu sína frá síðasta þingi um, að þingriturum og þingforseta verði falið að ganga frá þinggerð enda verður hún talin formlega frágengin með því.

(17).5.1 Tekið var undir tillögu þingritara með lófaklappi og úrskurðaði þingforseti að tillagan hefði verið samþykkt.

(17). 6. **Þingforseti.**

(17).6. Þingforseti þakkaði þingfulltrúm góða fundarsetu og óskaði mönnum góðrar heimferðar.

(18). **ÞINGSLIT.**

- (18). Formaður, Jón Birgir Valsson þakkaði endurkjör sitt og þingfulltrúum störf þeirra og fundarsetu. Hann óskaði þingfulltrúum velfarnaðar og hvatti menn til dáða til heilla fyrir glímuna.
- (18).1. Jón Birgir Valsson, formaður Glímusambands Íslands, sleit síðan 43. glímuþingi.

**Fleira ekki tekið fyrir.**

**Þingi slitið kl. 18:45.**

Hörður Gunnarsson  
þingritari

Einar K. Jónsson  
þingforseti

Sigmundur Stefánsson  
varaðingforseti

(HG/GLÍ/Þingg/7335/2007)